

# Þyrlukaup í þágu þjóðarinnar

## eftir Danfríði Skarphéðinsdóttur

Síðustu dagana hefur farið fram mikil umræða á Alþingi um kaup á nýrri björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna. Allir eru sammála um að ekki dugi lengur að hafa aðeins eina þyrlu og óverjandi sé að draga lengur að kaupa aðra.

Lífsafkoma Íslendinga byggist á því sem hafið gefur en um leið því að í landinu búi fólk sem er reiðubúið til að stunda fiskveiðar. Kvinnalistakonur hafa í umræðunni margoft bent á að það er því sameiginlegt hagsmunamál allrar þjóðarinnar að vel sé að sjómönnum búið í alla staði og öryggi þeirra tryggt eftir því sem kostur er. Þyrla Landhelgisgæslunnar hefur margsannað gildi sitt bæði við björgun sjómanna úr sjóslysum og björgun á landi að ógleymdu mikilvægi hennar við sjúkraflutninga bæði milli staða innanlands og frá skipum á hafi úti.

### Einróma samþykkt Alþingis um kaup á björgunarþyrlu

Það er löngu ljóst og viðurkennt að ein þyrla af þeirri stærð sem nú er í eigu Landhelgisgæslunnar nægir ekki til að sinna því mikilvæga hlutverki sem henni er ætlað. Á yfirstandandi kjörtímabili

hefur tvisvar sinnum verið flutt þingsályktunartillaga þar sem skorað er á ríkisstjórnina að kaupa nýja björgunarþyrlu.

Við umfjöllun um fyrri tillöguna sem flutt var 1987 vann fulltrúi Kvinnalistans í allsherjarnefnd Sameinaðs þings ótullega að því að fá nefndarmenn til að afgreiða tillöguna, en meirihluti nefndarinnar vildi á þeim tíma vísa henni til ríkisstjórnarinnar. Nefndarmenn létu sannfærast af rökum fulltrúa Kvinnalistans um mikilvægi málsins og að Alþingi lýsti vilja sínum til kaupa á björgunarþyrlu og var tillagan samþykkt einróma 11. maí 1988. Þrátt fyrir þá samþykkt hafa þær ríkisstjórnir sem setið hafa á kjörtímabilinu ekki orðið við áskorun Alþingis og einróma viljayfirlýsingu um þyrlukaup og ekkert aðhafst í málinu. Á þessu þingi hefur tillaga um kaup á björgunarþyrlu verið endurflutt en ekki hlotið afgreiðslu.

### Notum sameiginlega sjóði til öryggismála í þágu þjóðarinnar

Rétt fyrir jólin lagði dómsmálaráðherra fram frumvarp um sérstakt sjóðshappdrætti til styrktar björgunarmálum og skák í landinu og skyldi ákveðnu hlutfalli af hugsanlegum ágóða þess varið til þyrlukaupa fyrir Landhelgisgæsluna.

**„Kvinnalistakonur telja óverjandi að ríkisstjórnin víki sér á þennan hátt undan að leggja fram nauðsynlegt fjármagn til þyrlukaupa en velji frekar þá leið að láta happdrættisgleði íslensku þjóðarinnar ákvarða hvenær ný þyrla verður keypt.“**

Frumvarpinu hefur verið breytt í meðförum allsherjarnefndar Efri deildar á þann veg að lagt er til hugsanlegan ágóða af happdrættinu verði varið til kaupa á björgunarþyrlu eingöngu. Engar áætlarnir liggja fyrir um hvað slíkt happdrætti gæti gefið og því forkastanlegt að vísa svo brýnu hagsmunamáli algjörlega út í óvissuna. Ekki er heldur forsvaranlegt að kippa hugsanlega grundvellingum undan öðrum happdrættum sem standa undir brýnum verkefnum samfé-

lagsins s.s. uppbyggingu Háskóla Íslands, heimilum fyrir aldraða og ótalmörgu öðru sem of langt væri upp að telja. Kvinnalistakonur telja óverjandi að ríkisstjórnin víki sér á þennan hátt undan að leggja fram nauðsynlegt fjármagn til þyrlukaupa en velji frekar þá leið að láta happdrættisgleði íslensku þjóðarinnar ákvarða hvenær ný þyrla verður keypt.

### Ný björgunarþyrla er forgangsmál

Í síðustu viku kom fram að fjármálaráðherra telur mögulegt að leggja fram fé að upphæð 2 milljörðum króna m.a. til að flýta framkvæmdum við tvöföldun Reykjanesbrautar, byggingu flugskýlis í Keflavík og stækkun hafnar í Þorlákshöfn. Iðnaðarráðherra mun ekki hika við að fara fram á heimildir til að taka nokkur hundruð milljónir að láni til uppbyggingar mengandi stóriðju, fái hann að halda áfram samningaviðræðum um byggingu nýs álvers.

Kvinnalistakonur telja að kaup á nýrri björgunarþyrlu þoli enga bið og eigi því að vera forgangsverkefni. Þingkonur Kvinnalista



Danfríður Skarphéðinsdóttir

munu því vinna að því á A að það fé sem virðist vera á til ýmissa framkvæmda verði til að sinna þessum brýna örþætti í þágu allrar þjóðarinnar.

*Höfundur er þingkona Kvinnalistans og skipar 1. s framboðslistans á Vesturlandi*